

Mál nr. 41/2008

M
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A
og
Vátryggingafélagið Y v/ vörubifreiðarinnar B.

Tjón á fólksbifreið af völdum malar sem fauk af vörubílspalli þann 13.10.2007.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 10.3.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 18.3.2008.
3. Bréf Y, dags. 25.3.2008.
4. Bréf eiganda B, dags. 26.3.2008.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið norður þjóðveg nr. 1, Vesturlandsveg, til móts við bæinn Skipanes. Kom þá á móti vörubifreið hlaðin mól. Er bifreiðirnar mættust kom vindhviða þannig að mól og sandur fauk af palli vörubifreiðarinnar og yfir A og olli skemmdum á henni.

Ökumaður A kvaðst ekki hafa séð skráningarnúmer vörubifreiðarinnar og ekki geta lýst henni nánar en þetta hafi verið ljóslit vörubifreið með hvítum palli.

Ökumaður, sem ók á eftir A umrætt sinn, kvaðst hafa mætt þarna ljóslitri Scania vörubifreið og mól og sandur hefði kastast yfir bifreið hans og valdið skemmdum, þó ekki eins og á A.

Meðan rætt var við ökumann A á vettvangi bar að vörubifreiðina B, sem er af gerðinni Scania, hvít og blá að lit að því er segir í lögregluskýrslu. Aðspurður kvaðst ökumaður B ekki eiga hlut að máli, þar sem hann væri með hlera sem alltaf væri lokaður. Einnig hafi hann ekki verið að flytja eins fínt efni eins og var á veginum heldur grús sem væri grófara efni. Við skoðun lögreglu á farmi B virtist sem hann svipaði til þess efnis sem var á veginum.

Af hálfu lögreglu var athugað með ferðir vörubifreiða úr malarnámum í grennd við tjónsstaðinn. Við þá eftirgrennslan hafðist ekki upp á vörubifreiðinni, sem olli tjóninu. Hins vegar fengust ekki upplýsingar um ferðir annarra vörubifreiða en B með mól úr námunum um það leyti sem óhappið varð.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins, eins og að framan hefur verið rakið, hafa verið leiddar verulegar líkur að því að sandur og mól, sem olli skemmdum á A, hafi fokið af palli B. Þykja þær líkur vera nægilega miklar þannig að sannað megi telja að skemmdirnar á A stafi frá jarðefnum sem hafa fokið af palli B. Tjónið hlaut því af notkun B og samkvæmt ábyrgðarreglu 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 ber eigandi B ábyrgð á tjóni því sem varð á A.

Niðurstaða.

Tjón á A bætist úr ábyrgðartryggingu B.

Reykjavík, 15. apríl 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.